

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 24. nóvember 1975****um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti****(75/716/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Gildandi lög og stjórnsýslufyrirmæli í aðildarríkjunum takmarka leyfilegt brennisteinsmagn í fljótandi eldsneyti. Ákvæði þessi eru mismunandi í hinum ýmsu aðildarríkjum.

Ósamræmi milli lagaákvæða þessara neyðir olúfyrirtæki innan bandalagsins til þess að breyta brennisteinsmagn í framleiðslu sinni með tilliti til þess til hvaða aðildarríkis varan er send. Ósamræmið hindrar þannig viðskipti með þessar vörur og hefur þar með bein áhrif á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar.

Nokkur aðildarríki hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um áætlanir er miða að því að takmarka og minnka smám saman brennisteinsmagn í eldsneyti til að draga úr losun brennisteinsdíoxíðs.

Minnka verður brennisteinsmagn í gasólum smám saman og í verulegum mæli innan bandalagsins vegna þeirra umtalsverðu áhrifa sem brennisteinsmagn í sumu fljótandi eldsneyti hefur á almannahelbrigði og umhverfi, og með tilliti til fyrrnefndra áætlana.

Með tilskipun þessari er stigið fyrsta skrefið í átt til þess að minnka brennisteinsmagn í fljótandi eldsneyti og gildir hún um gasólur eingöngu.

Til þess að taka megi mið af tæknilegum og efnahagslegum afleiðingum þess að minnka og takmarka brennisteinsmagn í gasólum og staðbundnum aðstæðum í aðildarríkjunum, er nauðsynlegt, frá 1. október 1976 að telja, að gera greinarmun á tvenns konar gasólú, fyrir almenna notkun og fyrir notkun takmarkaða við svæði sem aðildarríkin kunna að ákveða.

Til þess að taka megi á næstu árum tillit til allra marktækra breytinga á kröfum í umhverfismálum eða aðferðum við að hreinsa brennistein úr eldsneyti eða til verulegra breytinga á efnahagsástandi innan bandalagsins hvað varðar öflun hráolíu, ber að taka upp einfaldaða aðferð til að endurskoða brennisteinsmagnið sem leyft hefur verið frá 1980 að telja í þessum tveimur gerðum gasólú. Hins vegar getur slík endurskoðun aðeins farið fram fyrir 1. október 1977 þar eð vitneskja verður að vera til staðar innan atvinnugreinarinnar nokkur ár fram í tímann um brennisteinsmagn það sem leyft verður, svo hægt sé að gera áætlanir um tækjabúnað fyrir hreinsun brennisteins úr gasólunni.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 76, 3. 7. 1974, bls. 46.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 16, 23. 1. 1975, bls. 6.

Með tilliti til takmarkaðrar afkastagetu stöðva sem hreinsa brennistein úr eldsneyti, gæti skyndileg breyting á framleiðslu, sem ylli meðaltalsaukningu á brennisteinsmagni í hráolíu, dregið hættulega úr neytendabirgðum í aðildarríki; því virðist ráðlegt að heimila viðkomandi aðildarríki að víkja frá því brennisteinsmagni sem leyft er á heimamarkaði við ákveðnar aðstæður.

Annað stig áætlunarinnar um að minnka brennisteinsmagn í gasolíu skapar tæknilegan og efnahagslegan vanda fyrir Írland. Tímabundin undanþága fyrir Írland ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á verslun með gasolíu þar eð hreinsunarstöðvar á Írlandi sinna um þessar mundir einungis hluta af innanlandsþörf fyrir gasolíu og allur útflutningur í framtíðinni frá Írlandi til annars aðildarríkis verður að vera í samræmi við ákvæði gildandi tilskipunar í því sama aðildarríki. Veita ber Írlandi fimm ára undanþágu áður en kemur að öðru stiginu þar í landi.

Koma skal á eftirliti með brennisteinsmagni í gasolíum sem settar eru á markað. Taka ber upp samræmda aðferð í þessu skyni.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

#### 1. Í tilskipun þessari merkir:

##### a) *gasolía*:

allar jarðolíuafurðir sem falla undir tollskrárnúmer 27.10, undirlið C I í sameiginlegu tollskránni (útgáfunni frá 1. janúar 1974) eða allar jarðolíuafurðir sem vegna eimingarmarkna sinna flokkast undir meðalléttar olíur sem ætlaðar eru til notkunar sem eldsneyti og að minnsta kosti 85% af rúmmáli þeirra eimast við 350°C, að meðtöldu tapi í eimingu;

##### b) *gasolía af gerð A*:

allar gasolíur með lágt brennisteinsinnihald sem notkun er ekki takmörkuð á í aðildarríkjunum;

##### c) *gasolía af gerð B*:

allar gasolíur ætlaðar til notkunar:

— á svæðum þar sem brennisteinsdíoxíðmengun andrúmslofts við jörð er nógu lítil, eða

— á svæðum þar sem gasolía á óverulegan þátt í brennisteinsdíoxíðmengun andrúmslofts.

#### 2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um gasolíu:

— sem notuð er í orkuverum;

— sem notuð er í skipum;

— sem er á eldsneytisgeymum skipa í siglingum á vatnaleiðum eða vélknúinna ökutækja í förum frá einu svæði til annars eða yfir landamæri milli lands utan bandalagsins og aðildarríkis.

2. gr.

#### 1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að:

— aðeins sé hægt að setja gasolíu af gerð A á markað innan bandalagsins ef magn brennisteinssambanda, reiknað sem brennisteinn, fer ekki yfir 0,5% af heildarþyngd frá 1. október 1976 að telja og 0,3% af heildarþyngd frá 1. október 1980 að telja;

— aðeins sé hægt að setja gasolíu af gerð B á markað innan bandalagsins ef magn brennisteinssambanda, reiknað sem brennisteinn, fer ekki yfir 0,8% af heildarþyngd frá 1. október 1976 að telja og 0,5% af heildarþyngd frá 1. október 1980 að telja.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að gera tillögu um breytingar á brennisteinsmagni, sem tilgreint er í 1. mgr., fyrir tímabil það sem hefst 1. október 1980 ef kröfur í umhverfismálum eða aðferðir við hreinsun brennisteins úr eldsneyti taka umtalsverðum breytingum eða ef verulegar breytingar verða á efnahagsástandi innan bandalagsins hvað varðar öflun hráolíu. Ráðinu er heimilt að ákvarða slíkar breytingar með auknum meirihluta atkvæða eigi síðar en 1. október 1977.

3. Aðildarríki er heimilt að leyfa notkun gasolía á yfirráðasvæði sínu sem uppfylla ekki kröfur sem tilgreindar eru í 1. mgr. ef skyndileg breyting í framleiðslu sem ylli meðaltalsaukningu á brennisteinsmagni í hráolíu gæti dregið hættulega úr neytendabirgðum í aðildarríki með tilliti til takmarkaðrar afkastagetu stöðva sem hreinsa brennistein úr eldsneyti. Þegar í stað skal tilkynna þetta framkvæmdastjórninni sem ákvarðar innan þriggja mánaða, að höfðu samráði við hin aðildarríkin, gildistíma og einstök atriði varðandi undanþáguna.

4. Ríkisstjórn Írlands er heimilt að fresta því til 1. október 1985 að beita ákvæðum 1. mgr. um annað stig áætlunarinnar um að minnka brennisteinsmagn í gasolíu.

3. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að beita ákvæðum 1. mgr. 2. gr. skjótar en þar er kveðið á um.

## 4. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu gasolía sakir brennisteinsinnihalds frá og með dagsetningum sem heimila notkun og tilgreindar eru í 2. gr., með viðeigandi tilliti til 3. gr., svo fremi þessar gasolíur uppfylli skilyrði tilskipunar þessarar.

## 5. gr.

Aðildarríkin skulu ákveða þau svæði þar sem notkun gasolíu af gerð B er heimilud. Þau tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni ákvarðanir sínar og ástæður sem liggja að baki þeim.

## 6. gr.

Framkvæmdastjórnin fylgist með áhrifum þeim sem beiting tilskipunar þessarar hefur í för með sér, einkum með tilliti til 2. og 5., gr. og setur fram, eins og við hæfi er, viðeigandi tillögur, eigi síðar en 1. október 1980, sem byggja á nýjum tiltækum upplýsingum um brennisteinsdíoxíðmengun sem mælst hefur í andrúmslofti og því hvernig áfram miðar að ná fram markmiðum bandalagsins um loftgæði.

## 7. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera sérstakar ráðstafanir til þess að með sýnatökum verði fylgst með brennisteinsmagni í gasólíum sem settar eru á markað.

2. Aðferðin, sem beita skal til þess að ákvarða brennisteinsmagn í gasólíum sem settar eru á markað, er skilgreind

í evrópska staðlinum EN 41 (fyrstu útgáfu, nóvember 1975).

Þar til evrópski staðallinn EN 41 tekur gildi fara mælingar og tölfræðilegar túlkanir á niðurstöðum þeirra fram samkvæmt gildandi staðli í því landi og á yfirráðasvæði þess þar sem setja á gasolíurnar á markað.

Ef enginn landsstaðall fyrirfinnst skulu tölfræðilegar túlkanir á niðurstöðum mælinga, sem gerðar eru til að ákvarða brennisteinsmagn í gasólíum sem settar eru á markað, fara fram samkvæmt staðli BS 4306/1968 „*Application of precision data to specifications for petroleum products*“.

## 8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að framfylgja tilskipun þessari innan níu mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

## 9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. nóvember 1975.

*Fyrir hönd ráðsins,*

B. VISENTINI

*forseti.*